



Skólaráðsfundur

Dagsetning: 9. apríl 2018

Fundarmenn: Kristinn skólastjóri, Guðrún Björg fulltrúi foreldra, Aron Óttar fulltrúi foreldra var fjarverandi, Edda og Helga Eyja fulltrúar kennara, Hulda S. fulltrúi annars starfsfólks. Kristín Sara og Nicolas Leó fulltrúar nemenda voru fjarverandi, Ólafur Þór fulltrúi grendarsamfélagsins var fjarverandi.

1. Vorverkin 2018

- ✓ Hreinsun á vegum Hafnarfjarðarbæjar verður fimmtudaginn 12. apríl kl. 16:30 – 19:00. Grillaðar pylsur verða í lokinn.
- ✓ Á þennan sama dag kl. 19 eru nemendur í 10. GRB með skemmtun vegna gestanemenda frá Danmörku.
- ✓ Hreinsunardagur á vegum skólans á að vera í lok apríl, hugmynd kom um 27. apríl.
- ✓ Vorferðir bekkja. Nemendur í 6. bekk fara í ferð sem er tengd náminu í Reykholt í Borgarfirði og kom fyrirspurn hvort foreldrafélagið geti styrkt þennan árgang peningalega. Foreldrafélagið þarf að setja þetta inn í fjárhagsáætlun, fastir liðir eru kynfræðsla frá Siggu Dögg árlega og Eyjólfur kemur annað hvert ár með netfræðslu. Guðrún ætlar að taka þetta upp hjá foreldrafélaginu og gott væri að fá beiðni frá kennurum 6. bekkja um málið.
- ✓ Fyrirhugað er að vorhátíð Hvaleyrarskóla verði 1. júní. Spurning hvort það ætti að vera frekar hausthátíð og þá seinnipart dags.
- ✓ Hugmynd kom að hafa hverfishátíð en þá þarf að vera til hverfissamtök.

2. Skipulag næsta skólaárs 2018 – 2019

- ✓ Framlengdur var ráðningarfrestur en auglýst var eftir kennurum í yngstu- og miðdeild. Þá er UT ráðgjafinn að fara í fæðingarorlof.
- ✓ Búið er að stækka samninginn við bæinn varðandi nemendur í Bjargi.
- ✓ Spurt var hvernig aðrir nemendur skólans eru undirbúnir því að nemendur í Bjargi hverfa á braut.
- ✓ Búið er að samþykkja hjá Hafnarfjarðarbæ 50% deildarstjóra stoðþjónustu við skólann.
- ✓ Spurt var hvort breytingar væru á deildarstjórum varðandi Bjarg og deildastjórnun yngir- og miðdeildar.
- ✓ Rætt var um kennaramál og hvaða kennarar ætla að hætta og hverjir koma til baka úr leyfum.
- ✓ Rætt var um ávaxtastund fyrir nemendur í 1. bekk en ákveðið hefur verið að geyma þetta verkefni því meiri umsýsla er í kringum það en áætlað var í fyrstu.
- ✓ Foreldrafélagið ætlar að senda beiðni til bæjarins um skólahreystibraut sem væri staðsett við skólann eða niður við Suðurbæjarlaug.
- ✓ Ekki voru settir inn á skóladagatalið kynningafundir fyrir foreldra því ákveðið var að hafa þá á skólasetingardaginn.

3. Önnur mál:

- ✓ Rætt um bílastæðamál við skólann en mikið er um að lagt sé í stæðin við skólann fellihýsum, tjaldvögnumog hjólhýsum.

Næsti fundur 7. maí kl. 15:00

Fundi slitið kl. 15:59.

Samantekt skráði: Sigrún Einarsdóttir